

Stofnanasamningur

Fiskistofa (kt. 660892-2069) og SFR – stéttarfélag í almannajónustu (kt. 620269-3449) gera með sér eftirfarandi stofnanasamning samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með gildistíma frá 28. október 2015.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til allra félagsmanna í SFR stéttarfélagi sem ráðnir eru til starfa hjá Fiskistofu.

1. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að tryggja Fiskistofu hæft starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi.
- Að launakerfið ýti undir að starfsmenn auki við hæfni og þróist í starfi
- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti.
- Að komið verði í veg fyrir ómálefnalegan launamun sem rekja má til kynferðis eða annarra ómálefnalegra þátta.

2. Starfaskilgreiningar og röðun starfa í launaflokka

2.1. Almennar forsendur röðunar

Við röðun starfa í launaflokk skal taka mið af eðli starfs, þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, færni, menntun (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi, umfangi verkefna eins og fram kemur í starfslýsingu eða viðvarandi verksviði starfsmanns. Röðun í launaflokka er lágmarksröðun (grunnröðun). Grunnröðun tekur mið af eftirfarandi meginlýsingu starfa. Þá skal litið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits Fiskistofu.

Starf við veiðieftirlit lfl. frá 14

Felur í sér eftirlit á sjó og landi. Í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla og afladagbókum. Eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla. Eftirlit með löndumum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð.

Sérfræðingur 1 lfl. frá 10

Vinnur störf undir daglegri umsjón annarra. Starfar við verkþætti eða verkefni sem krefst faglegrar hæfni og sérþekkingar. Oft um tímabundin störf að ræða.

Sérfræðingur 2 lfl. frá 17

Hefur umsjón með ákveðnum verkefnum eða mörgum smærri verkþáttum og ber faglega ábyrgð á þeim.



Sérfræðingur 3 lfl. frá 20

Hefur yfirumsjón með viðamiklum verkefnum eða málaflökkum og ber faglega ábyrgð á þeim. Ber ábyrgð á verksviði sínu gagnvart yfirmanni. Tekur þátt í öflun upplýsinga og áætlanagerð.

Verkefnastjóri lfl. frá 25

Hefur yfirumsjón með viðamiklum og fjölbreyttum verkefnum og ber ábyrgð á framgangi þeirra, að tengja saman aðila innan og utan stofnunar og halda yfirmönnum upplýstum um framgang verkefnanna. Starfið krefst yfirgripsmikillar þekkingar á starfsemi Fiskistofu og góðrar yfirsýnar. Getur einnig falið í sér mannaforráð.

Deildarstjóri lfl. frá 30

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á starfi starfsmanna sem undir hann heyra. Tekur þátt í stefnumótun, öflun upplýsinga og áætlanagerð í samráði við sviðsstjóra. Fer með stjórn þeirra verkþátta er falla undir deildina, ber faglega ábyrgð á starfsemi deildarinnar og gætir þess að markmiðum stofnunarinnar sé framfylgt.

3. Menntun

Menntun sem nýtist í starfi en ekki hefur verið tekið tillit til í grunnröðun starfs, skal meta sem hér segir:

- Starfsmaður sem lokið hefur stúdentsprófi, skipstjórnarprófi (að lágmarki I. stig) eða sveinsprófi hækkar um einn flokkur.
- Starfsmaður sem lokið hefur diplómagráðu á háskólastigi sem samsvarar einu skólaári (45-60 ECTS) og nýtist í starfi hækkar um einn launaflokk.
- Starfsmaður sem lokið hefur BA/BS/B.ED eða sambærilegu námi sem nýtist í starfi hækkar um tvo launaflokka enda hafi viðkomandi ekki áður fengið hækkun vegna diplómagráðu.

Launaflokkar skv. þessum lið geta að hámarki orðið þrír.

Í störfum þar sem gerð er krafa um háskólamenntun skal félagsmaður í SFR sem hefur háskólapróf ekki vera lægra launaður en ef hann væri í stéttarfélagi háskólamenntaðra sbr. bókun 8 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með gildistíma frá 28. október 2015.

4. Persónubundnir og tímabundnir þættir

Í kjarasamningi SFR og ríkisins (11. kafli) er meðal annars fjallað um röðun starfa í launaflokka, laun fyrir persónubundna þætti og laun fyrir tímabundna þætti. Á gildistíma samningsins stefnir Fiskistofa á að starfa eftir þeim áhersluþáttum sem þar koma fram að því marki sem mögulegt er.

5. Starfsþróunarsamtöl

Starfsmenn skulu eiga rétt á starfsþróunarsamtali fyrir 1. júní á hverju ári. Samtalið er liður í starfsþróunaráætlun stofnunarinnar gagnvart hverjum starfsmanni fyrir sig. Í starfsmannasamtalinu skal m.a. koma fram:

- Áætlun um símenntun starfsmanns og möguleika hans til að sækja símenntun
- Umsögn um starfsmanninn og þróun hans í starfi.
- Ákvörðun um launaviðtal sé þess óskað.

6. Sérstakir þættir er snúa að starfsmönnum í veiðieftirliti

- I. Með unnum frídögum í samkomulagi þessu er átt við laugardaga, sunnudaga og almenna frídaga. Eftirlitsmenn taka út áunna frídaga í samráði við yfirmenn veiðieftirlits.
 - a. Sérákvæði vegna landeftirlits:
 - i. Vinnufrí: Fyrir hvern frídag unninn fjarri heimabyggð ávinnur eftirlitsmaður sér frídag á mótí. Það telst að starfa fjarri heimabyggð að hafa næturstað fjarri heimili sínu.
 - ii. Yfirvinna: Þegar eftirlitsmaður starfar við eftirlit í landi skal greiða 3 klst. á dag í yfirvinnu á virkum dögum og 8 klst. ef starfað er á frídögum eða stórhátíðardögum.
 - b. Sérákvæði vegna sjóeftirlits:
 - i. Vinnufrí: Fyrir hvern virkan vinnudag að störfum á sjó ávinnur eftirlitsmaður sér 0,5 dag í vinnufrí. Fyrir störf á frídögum öðlast eftirlitsmaður ekki vinnufrí.
 - ii. Yfirvinna: Til viðbótar við yfirvinnu sem greidd er vegna landeftirlits skal greiða veiðieftirlitsmanni við sjóeftirlit yfirvinnu sem hér segir:

Frá og með	Til og með	Yfirvinnutímar
Fyrsta degi	15. dags	2,5
16. degi	20. dags	3,0
21. degi	30. dags	3,5
31. degi		4,0

- II. Úthald getur falið í sér fleiri en eina eftirlitsferð en úthald rofnar ef eftirlitsmaður dvelur sólarhring á heimili sínu eða þar sem hann ákveður.
- III. Fundum og skilum á gögnum skal lokið innan 4 klst. á skiladögum annars greiðist yfirvinna samkvæmt landeftirlitskjörum.
- IV. Sé vinnuferð aflýst eftir kl 16:00 greiðist yfirvinna samkvæmt landeftirlitskjörum.
- V. Þegar veiðieftirlitsmaður er á námskeiði, fundi, ráðstefnu eða í skrifstofuvinnu er almennt ekki greidd yfirvinna. Þó er heimilt, ef yfirmaður metur það svo, að greiða yfirvinnu eftir vinnuframlagi, að hámarki 3 klukkustundir á dag.
- VI. Veiðieftirlitsmanni skal séð fyrir viðeigandi og fullnægjandi fatnaði, þ.m.t. skjólfatnaði. Fatnaður skal einkenndur Fiskistofu eftir því sem við á. Einnig skal veiðieftirlitsmanni séð fyrir hlífðarfatnaði vegna óþrifalegra starfa, þ.e. sjógalla, stígvélum, vettlingum og vinnuflotbúningi. Þá eiga veiðieftirlitsmenn rétt á einu pari af vinnuskóm á ári að verðmæti kr. 30.000 miðað við vísitölu neysliverðs í desember 2015 (430,8 stig) og skal fjárhæðin endurskoðuð ár hvert m.t.t. vísitölubreytinga. Upphæðin verður námunduð að næsta heila eða hálfu þúsundi.
- VII. Veiðieftirlitsmanni skal greitt 3 klst. í fasta yfirvinnu á mánuði til að mæta kostnaði við kaup og þrif á rúmötum og sængurfatnaði. Einnig er sú greiðsla til að mæta kostnaði við þrif á vinnufatnaði og óþægindum sem kunna að vera því fylgjandi að geyma vinnufatnað, þ.m.t. sjófatnað, í eigin húsnæði eða bifreið sökum

aðstöðuskorts þar sem við á. Með þessu er ekki lögð krafa á hendur veiðieftirlitsmönnum að geyma vinnufatnað í eigin húsnæði eða bifreið.

- VIII. Veiðieftirlitsmaður sem starfar við eftirlit á sjó skal fá óþægindaálag, 2,75 klst. á dag þegar:
- róið er með bátum undir 20 brl.
 - salernisaðstaða, vatnssalerni er ekki til staðar
 - rennandi vatn til drykkjar og hreinlætis er ekki til staðar
 - baðaðstaða er ekki til staðar á útilegu sem varir 24 klst eða lengur
 - veiðiferð hefst að næturlagi kl. 23:00 – 07:00. Þegar um útileguskip er að ræða greiðist óþægindaálag vegna þessa liðar einungis á fyrsta dag veiðiferðar.¹
 - ófullnægjandi hvíldaraðstaða þegar veiðiferð varir lengur en 8 klst.
 - veiðiferð með dagróðrabát varir lengur en 15 klst.
- IX. Þegar þrír eða fleiri veiðieftirlitsmenn starfa að sama verkefni getur yfirmaður þeirra tilnefnt einn þeirra verkstjóra og skal þá greiða honum 2 klst. í yfirvinnu á dag á meðan á viðkomandi verkefni stendur.

7. Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd aðila heldur áfram störfum eftir undirritun samnings þessa og hefur hún það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd þessa stofnanasamnings.

8. Endurskoðun

Heimilt er hvorum aðila um sig, stofnun eða fulltrúum stéttarfélags, að óska eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans.

Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar eða kröfur um verulegan sparnað í rekstri stofnunarinnar.

Í 11. kafla kjarasamninga segir að stofnanasamninga skuli að jafnaði endurskoða á tveggja ára fresti. Komist samstarfsnefnd að samkomulagi um breytingar á stofnanasamningi skal fella þær breytingar inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan.

¹ Þegar tveir veiðieftirlitsmenn samnýta bifreið og annar fer á sjó að næturlagi sbr. skilgreiningu þessa liðar en hinn eftir kl. 07:00 þykir rétt að báðir fái greitt óþægindaálag. Miðað er við þann tíma þegar veiðieftirlitsmaður er boðaður til að mæta um borð en ekki við það hvenær veiðieftirlitsmaður mætir um borð eða leggur af stað í sjóeftirlitsferð.

9. Gildistími:

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2017


Mánevi:



L. Þ. SFR



L. Þ. Þórnason



Bókanir

Bókun 1 - Samsetning launa og launakjör

Aðilar eru sammála um að raða hverjum og einum starfsmanni upp á nýtt samkvæmt ákvæðum þessa stofnanasamnings. Tryggt er að hjá hverjum og einum starfsmanni muni reglubundin heildarlaun (föst laun með fastri yfirvinnu og öðrum reglubundnum greiðslum) hækka sem nemur þeirri prósentuhækkun sem kemur fram í undirrituðu vörpunarskjali aðila. Samningsaðilar eru sammála um að færa hluta af fastri yfirvinnu inn í grunnlaun starfsmanna þar sem það á við. Með þessu geta því eldri viðbótarflokkar og -þrep og föst yfirvinna að hluta til fallið niður hjá hluta starfsmanna en á móti kemur þá jöfn eða hærri grunnröðun sem tryggir virði núverandi kjara starfsmanna auk þeirra launahækkana sem samningur þessi og vörpunarskjal tryggja.

Samþykki starfsmaður ekki að fastlaunasamningur falli úr gildi og að breytingar verði á samsetningu launa við gildistöku þessa samnings, þarf að segja fastri yfirvinnu formlega upp og frestast þá breytingar á samsetningu launa og hækkun grunnröðunar um sama tíma.

Aðilar eru sammála um að fastri yfirvinnu sé ætlað að dekkja þá yfirvinnu sem starfið eða starfsaðstæður kunna krefjast.

Bókun 2- Markaðsálag

Með það að markmiði að auka gegnsæi hyggst Fiskistofa beita markaðsálagi með skýrari hætti en áður hefur veirð. Við gildistöku þessa samnings verða forritarar hækkaðir um 13 launaflokka og tæknimenn um 10 launaflokka vegna markaðsálags og mun yfirvinna lækka samsvarandi á móti. Er til nýráðninga kemur mun markaðsálag verða ákvarðað tímabundið til árs í senn.

EB